



FLE fréttir

2. mars 2026

Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda

Nr. 1 / 2026



Kæru félagsmenn,

Í þessu fréttabréfi kennir ýmissa grasa. Við fjöllum um fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga sem varða meðal annars breytingar á stærðarmörkum félaga, endurskoðunarmörkum og fleiru, segjum frá skilafrestum ársreikninga og skattframtala, nýjustu fréttum á heimasíðu (sem við hvetjum ykkur til að skoða reglulega) og fleiru.

Af öðrum málum má nefna að undirbúningur fyrir ársfund norrænu endurskoðunarsamtakanna NRF er nú í fullum gangi en ársfundurinn verður haldinn á Íslandi í ágúst. Það er ávallt lagt mikið í aðalfund NRF, bæði í dagskrá og afþreyingu. Auk framkvæmdastjóra, formanna og varaformanna norrænu samtakanna verða þar fjölmargir boðsgestir svo sem framkvæmdastjórar og formenn alþjóðasamtakanna IFAC og Evrópusamtakanna Accountancy Europe. Við reiknum með að fjöldi þátttakenda og maka verði á bilinu 40 – 50.

Hlekkir í glærur af skattadegi og nýlegum námskeiðum er að finna hér að neðan. Næsta námskeið sem við höldum verður á Teams miðvikudaginn 4. mars en þá mun Endrin Bitraj frá Accountancy Europe fjalla um [fjárfestingar einkafjárfestingarfélag](#)a (e. private equity entities) í félögum sem veita þjónustu á sviði bókhalds, launavinnslu, reikningsskila og endurskoðunar. Það er enn hægt að [skrá](#) sig á námskeiðið.

Að lokum má nefna að við á skrifstofunni erum að skoða húsnæðismál félagsins en núgildandi leigusamningur þess rennur út í nóvember. Á þessari stundu er óljóst hvort við verðum áfram hér á Suðurlandsbrautinni eða förum í annað húsnæði.

Sem fyrr hvetjum við ykkur til að kíkja reglulega á heimasíðu félagsins sem við erum dugleg að uppfæra með fréttum og greinum. Við minnum ykkur sem fyrr á að allar hugmyndir að greinum og námskeiðum eða öðrum viðburðum eru vel þegnar. Við hvetjum ykkur líka til að fylgja okkur á samfélagsmiðlum og deila áfram auglýsingum um fréttir og viðburði. FLE er á Facebook, LinkedIn og Instagram.

Bestu kveðjur,

Unnar, Sirrý og Margret

Frumvarp til breytinga á lögum um ársreikninga

Vinna við frumvarp til breytinga á [lögum um ársreikninga](#) stendur nú yfir. Frumvarpið snýr að breytingum á stærðarmörkum félaga, endurskoðunarmörkum og skilafrestum á ársreikningum auk innleiðingar á tilskipun ESB um að tiltekin mjög stór félög, nánar tiltekið félög með yfir 111 milljarða króna veltu, útbúi skýrslu með upplýsingum um tekjuskatt. Sjá nánar í þessari [frétt](#) á heimasíðu. [Frumvarpsdrög](#) voru birt í samráðsgátt þann 2. febrúar. Níu umsagnir bárust um frumvarpsdrögin fyrir lok umsagnarfrests 20. febrúar. Umsagnirnar, þar á meðal ítarlega umsögn álitsnefndar FLE, má nálgast [hér](#). Félagið mun að sjálfsögðu fylgjast með framvindu málsins og láta félagsmenn vita þegar frumvarpið verður sett í samráðsgátt. Þá mun aftur verða gefið færi á því að senda inn umsagnir. Við minnum félagsmenn á að öllum er heimilt að senda inn athugasemdir við frumvörp sem birt eru í samráðsgátt. Frumvarpið mun svo væntanlega vera lagt fyrir Alþingi nú á vörþingi.

Skilafrestir ársreikninga, álagning stjórnvaldssekta og fleira

Í þessari ítarlegu [samantekt](#) á heimasíðu koma fram mikilvægar upplýsingar um skilafresti ársreikninga, álagningu stjórnvaldssekta, lækkanir á stjórnvaldssektum og fleira sem við hvetjum félagsmenn til að kynna sér vel. Eins og fram kemur í samantektinni mun ársreikningaskrá taka út lista yfir þau félög sem hafa ekki skilað ársreikningi miðað við miðnætti mánudaginn 21. september og mun álagning sekta byggja á þeim lista.

Skil atvinnumanna á skattframtölum viðskiptamanna 2026

Talandi um skilafresti þá viljum við vekja athygli á [samantekt](#) á heimasíðunni um skilafresti atvinnumanna á skattframtölum viðskiptamanna á árinu 2026, sbr. einnig [tilkynningu](#) ríkisskattstjóra. Eins og fram kemur í samantektinni þarf að fylla út [skilalista](#) fyrir 1. apríl.

Samanburður á endurskoðunarmörkum í Evrópu

Eins og fram kom í frétt hér að ofan er væntanlegt frumvarp um breytingar á lögum um ársreikninga. Samkvæmt fyrirnefndum frumvarpsdrögum stendur til að hækka mörk endurskoðunar um 25%. Líkt og í flestum öðrum löndum Evrópu skal endurskoða ársreikninga ef félag er yfir a.m.k. tveimur af þremur viðmiðunarmörkum um tekjur, eignir og meðalfjölda ársverka (tvö ár í röð), sjá 98. gr. [laga um ársreikninga](#). Samkvæmt frumvarpsdrögunum verða tekjumörkin 500 millj. kr. (eru nú 400 millj. kr.), eignamörkin 250 millj. kr. (eru nú 200 millj. kr.) en viðmið um meðalfjölda ársverka verður hér eftir sem hingað til 50. Samkvæmt frumvarpsdrögunum kæmi hins vegar inn nýtt ákvæði í lögum um

að ef eignir félags eru 1.500 millj. kr. þá væri það endurskoðunarskylt, jafnvel þó það væri undir hinum tveimur mörkunum, þ.e. um tekjur og fjölda ársverka.

Í [frétt](#) á heimasíðunni er að finna samantekt um endurskoðunarmörk í Evrópu byggt á samantekt sem Evrópusamtökin Accountancy Europe gáfu út í janúar síðastliðnum. Samantektina, sem nefnist *Audit exemption thresholds in Europe*, má nálgast [hér](#). Á bls. 4 í fyrrnefndri [umsögn álitsnefndar FLE](#) um títtnefnd frumvarpsdrög má sjá samanburð á endurskoðunarmörkum á norðurlöndunum.

Félagsmenn og störf

Í töflu á bls. 12 í [ársskýrslu FLE](#) má sjá yfirlit um þróun í fjölda félagsmanna, kynjahlutföll, hversu margir þeirra starfa við endurskoðun og margt fleira athyglisvert.

Nýlegar ráðstefnur og námskeið

Skattadagur FLE

Skattadagurinn var haldinn á Grand hóteli í janúar og voru þar haldin fjögur áhugaverð og góð erindi eftir að Elín Hanna Pétursdóttir formaður FLE hafði sett ráðstefnuna. Skattadagurinn var líkt og á fyrri árum vel sóttur, en alls voru 194 skráðir. Af þeim mættu 63 á staðinn en aðrir voru í streymi. Nýir löggiltir endurskoðendur, sem útskrifuðust í desember 2025, voru boðnir velkomnir í félagið og fengu afhentan blómvönd frá félaginu. Það voru sextán einstaklingar sem luku prófunum í haust eins og nánar má lesa um í þessari [frétt](#). Ágústa Katrín Guðmundsdóttir endurskoðandi stýrði ráðstefnunni en Ágústa Katrín situr í skattanefnd FLE sem kom að skipulagningu skattadags.

Viðfangsefni og glærur frá skattadegi:

Stefán Skjaldarson sviðsstjóri álagningarsviðs Skattsins fór yfir það sem er efst á baugi hjá ríkisskattstjóra. [Glærur Stefáns](#).

Guðbjörg Þorsteinsdóttir lögmaður hjá Deloitte fjallaði um samspil skatta og reikningshalds. [Glærur Guðbjargar](#).

Jóhannes Eiríksson stofnandi og framkvæmdastjóri Lagavita fjallaði um það hvort gervigreindin gæti orðið leikbreytir í störfum endurskoðenda. [Glærur Jóhannesar](#).

Guðrún Björg Bragadóttir frá KPMG fjallaði um nýlegar skattalagabreytingar. [Glærur Guðrúnar Bjargar](#).

Nýlegir úrskurðir og dómar

FLE fréttir, 2. mars 2026

Bls. 4

Vala Valtýsdóttir lögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur kom til okkar í janúar og hélt mjög gott og vel sótt námskeið á Teams þar sem hún fór yfir áhugaverða úrskurði og dóma. [Glærur Völu](#).

Tekjur og eiginfjárgerningar

Í desember kom Jóhann I. C. Solomon endurskoðandi og ráðgjafi hjá Reikningsskilaráðgjöf ehf. og hélt mjög fróðlegt og gott 2 klst. námskeið á Teams. Námskeiðið var tvískipt. Á fyrri hluta námskeiðsins fór Jóhann yfir helstu reglur um færslu tekna af sölu á vörum og þjónustu en í seinni hluta yfir helstu reglur sem segja til um það hvenær félög mega flokka samninga sem eigið fé. [Glærur Jóhanns](#).

Stórafmæli

Félagsmenn sem fagna stórafmæli á árinu 2026 eru 48 talsins. Yfirlit um þá sem eiga stórafmæli má nálgast [hér](#). Við óskum þeim innilega til hamingju.

Eldri fréttabréf

Eldri fréttabréf FLE er að finna [hér](#).
